



ENOR

Enor ehf. | s. 430 1800 | [www.enor.is](http://www.enor.is)



# *Sveitarfélagið Skagaströnd*

## *Endurskoðunarskýrsla 2022*

# Efnisyfirlit

---

	<i>Bls.</i>
<i>Endurskoðun ársins</i>	<i>3</i>
<i>Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar</i>	<i>4 - 5</i>
<i>Ársreikningur sveitarfélagsins</i>	<i>6 - 13</i>
<i>Reikningshaldslegt mat</i>	<i>14 - 15</i>
<i>Notkun reikningskilaaðferða</i>	<i>16</i>
<i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i>	<i>17</i>
<i>Önnur mikilvæg atriði</i>	<i>18</i>

# Endurskoðun ársins 2022

Akureyri, 4. maí 2023

## Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Sveitarfélagsins Skagastrandar fyrir árið 2022. Markmið endurskoðunarinnar er að skila sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningsskilum sveitarfélagsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikning sveitarfélagsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Niels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi  
Óttar Ingi Oddsson, viðskiptafræðingur

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við stjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllst,

Enor ehf.



Niels Guðmundsson  
löggiltur endurskoðandi

Tengiliðir hjá ENOR:

**Niels Guðmundsson**

Löggiltur endurskoðandi

Netfang: [niels@enor.is](mailto:niels@enor.is)

Sími: 430 1806

Gsm: 851 1806

**Óttar Ingi Oddsson**

Viðskiptafræðingur

Netfang: [ottar@enor.is](mailto:ottar@enor.is)

Sími: 430 1819

Gsm: 851 1819

Enor ehf.  
Hafnarstræti 53  
600 Akureyri  
s. 430 1800

[enor@enor.is](mailto:enor@enor.is) | [www.enor.is](http://www.enor.is)

# Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

---

## **Tilgangur endurskoðunar**

Markmið endurskoðunarinnar sem unnin var í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun (ISA), er að veita óháð álit á því hvort ársreikningur sveitarfélagsins gefi glögga mynd af afkomu þess á árinu, efnahag í lok ársins og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

## **Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreiknings**

- Að leggja mat á líkur þess að ársreikningur sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum skekkju, sviksemi eða mistaka (útrá áhættumati).
- Að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla til að tryggja með nægjanlegri vissu að ársreikningur sé án verulegra annmarka.

## **Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum**

- Að framsetning ársreiknings sé í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.
- Að við færslu á bókhaldi og samningu ársreiknings sé beitt viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.
- Að koma upp og annast innra eftirlit sveitarfélagsins, sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, varðveita eignir þess og tryggja að farið sé að lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

# Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

## Helstu þættir í framkvæmd endurskoðunar

### Áhættumat:

- Greining og mat á hættunni á verulegri skekkju í ársreikningnum.
- Felst í upplýsingaöflun og framkvæmd áhættumatsaðgerða.
- Áhættumatið leggur grunninn að umfangi og framkvæmd endurskoðunaraðgerða.

### Innra eftirlit:

- Við öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, fókusinn er á innra eftirliti sem tengist fjárhagsupplýsingum.
- Mat okkar á innra eftirliti hefur áhrif á áhættumat í þeim tilgangi að hanna viðeigandi aðgerðir.
- Sjá upplýsingar um helstu þætti í ferlum og innra eftirliti á bls. 17 í skýrslunni.

### Mikilvægismörk:

- Ákvörðun mikilvægismarka er mikilvægur hluti af ferli áhættumats og skipulagningar í endurskoðun. Í samhengi mikilvægismarka eru upplýsingar í ársreikningi taldar mikilvægar ef þær eru taldar hafa áhrif á þær efnahagslegu ákvarðanir sem lesendur taka á grundvelli upplýsinga í ársreikningi.
- Heildar mikilvægismörk í verkefninu voru skilgreind kr. 14,3 millj. eða 2,0% af rekstrartekjum. Í samhengi við heildarmikilvægismörkin eru sett fram mörk fyrir óleiðréttar skekkjur sem voru skilgreind sem 5% af heildarmörkunum eða kr. 573 þús.
- Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur yfir framangreindum mörkum eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.

### Framsetning ársreiknings (heild):

- Að meta hvort reikningsskilaaðferðir sem eru notaðar séu viðeigandi.
- Að yfirfara hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft og byggt á eðlilegum forsendum.
- Að yfirfara reikningskilin í heild með tilliti til framsetningar og þess hvort skýringar séu fullnægjandi og rétt fram settar.
- Það er mat okkar að félagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

# Ársreikningur sveitarfélagsins

## Rekstrarreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2022	Áætlun m. viðaukum	2021	2022	Áætlun m. viðaukum	2021
<b>Rekstrartekjur</b>						
Skatttekjur .....	377.119	365.138	335.476	370.907	358.926	329.761
Framlög jöfnunarsjóðs .....	166.633	152.367	141.349	166.633	152.367	141.349
Aðrar tekjur .....	123.639	109.451	112.208	254.596	220.415	235.588
	667.390	626.956	589.033	792.135	731.708	706.698
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	342.064	342.078	315.945	363.806	364.669	332.487
Hækkun lífeyrisskuldbindinga .....	4.806	18.969	46.883	4.806	18.969	46.883
Annar rekstrarkostnaður .....	352.021	347.060	307.945	372.424	370.305	329.500
Afskriftir .....	29.273	29.922	28.532	46.506	47.401	45.436
	728.164	738.030	699.305	787.542	801.344	754.306
Rekstrarniðurst. fyrir fjárm. liði .....	(60.774)	(111.074)	(110.272)	4.593	(69.636)	(47.609)
Fjármagnsliðir .....	8.067	7.935	1.075	(3.964)	(3.361)	(8.225)
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<b>(52.707)</b>	<b>(103.139)</b>	<b>(109.197)</b>	<b>629</b>	<b>(72.997)</b>	<b>(55.834)</b>
<b>Kostnaðarliðir í hlutfalli af tekjum:</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	51%	55%	54%	46%	50%	47%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga .....	1%	3%	8%	1%	3%	7%
Annar rekstrarkostnaður .....	53%	55%	52%	47%	51%	47%
<b>Stærðir í rekstri pr. íbúa:</b>						
Skatttekjur og jöfnunarsjóður .....	1.132	1.077	998	1.119	1.064	986
Aðrar tekjur .....	257	228	235	530	459	493
Laun og launatengd gjöld .....	712	712	661	757	759	696
Annar rekstrarkostnaður .....	733	722	644	775	771	689
Fjármagnsliðir .....	17	17	2	(8)	(7)	(17)

## Rekstrartekjur

Rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 792,1 millj. á árinu 2022 og hækka um 12,1% milli ára. Rekstrartekjur samstæðunnar eru 8,3% yfir áætlun ársins 2022 með viðaukum. Útsvarstekjur hækka um kr. 40,5 millj. milli ára eða 13,4%. Framlög frá jöfnunarsjóði hækka um kr. 5,3 millj. eða 17,9%.

## Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld A og B hluta námu kr. 363,8 millj. á árinu 2022 og hækka um kr. 31,3 millj. eða 9,4%. Liðurinn er í heild vel í takti við áætlun ársins en viðaukar við fjárhagsáætlun gerðu ráð fyrir kr. 12,2 millj. í aukin útgjöld vegna launakostnaðar.

Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga er um kr. 4,8 millj. sem er um kr. 14,2 millj. undir áætlun. Á árinu hækkaði áætluð hlutdeild sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingunni úr 59,1% í 59,7%.

## Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður A og B hluta nam kr. 372,4 millj. á árinu 2022 og hækkar um kr. 42,9 millj. eða 13,0%. Liðurinn er aðeins yfir áætlun ársins eða kr. 2,1 millj. sem er 0,6% frávik.

## Afskriftir

Afskriftir A og B hluta námu kr. 46,5 millj. og hækka aðeins milli ára sem er í takti við áætlun ársins.

## Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir hjá A og B hluta voru neikvæðir um kr. 4,0 millj. á árinu 2022 sem er í takti við áætlun ársins.

# Ársreikningur sveitarfélagsins

## Afkoma sveitarfélagsins, A- og B hluta og samanburður við áætlun

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga. Samstæðuársreikningur sveitarfélagsins er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, eignum og skuldum er eytt út.

Tap varð á rekstri A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði að fjárhæð kr. 31,5 millj. samanborið við kr. 81,7 millj. tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði skv. fjárhagsáætlun með viðaukum. Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð á árinu 2022 um kr. 52,7 millj. samanborið við kr. 109,1 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun.

Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B-hluta á árinu 2022 var jákvæð um kr. 629 þús. samanborið við kr. 73,0 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun með viðaukum. Afkoma samstæðunnar var því kr. 73,6 millj. betri en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Samtals var nettó niðurstaða þeirra viðauka sem gerðir voru kr. 18,5 millj. til lækkunar á rekstrarafkomu ársins.

Jákvæð frávík frá áætlun eru í skatttekjum vegna hærri útsvarstekna og framlaga frá jöfnunarsjóði, félagsþjónustu vegna endurútreiknings á framlögum vegna málefna fatlaðra, umferðar og samgöngumálum vegna lægri kostnaðar við snjómkstur, breytingu lífeyrisskuldbindingum og hjá hafnarsjóði vegna tekna af aflagjöldum.

Helstu neikvæðu frávikin eru í atvinnumálum vegna gjaldfærslu í tengslum við sjóbaðaverkefni, í sameiginlegum kostnaði vegna aukinn nefndarlauna og aðkeyptrar sérfræðipjónustu og viðhaldi fasteigna hjá eignasjóði.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á rekstrarniðurstöðu málaflokka og samanburð við áætlun ársins 2022 með viðaukum.

### Frávík frá áætlun ársins 2022 (í þús kr.)

	Áætlun			
	Rauntölur	með viðaukum	Frávík	Frávík %
Skatttekjur .....	560.091	533.845	26.247	5%
Félagsþjónusta .....	(69.733)	(77.455)	7.723	-10%
Fræðslu- og uppeldismál .....	(304.977)	(305.164)	187	0%
Meningarmál .....	(16.022)	(15.620)	(403)	3%
Æskulýðs- og íþróttamál .....	(64.812)	(66.137)	1.325	-2%
Brunamál og almannavarnir .....	(17.681)	(18.582)	902	-5%
Hreinlætismál .....	(7.617)	(7.728)	111	-1%
Skipulags- og byggingamál .....	(2.267)	(2.414)	147	-6%
Umferðar- og samgöngumál .....	(7.500)	(14.394)	6.894	-48%
Umhverfismál .....	(9.049)	(8.365)	(684)	8%
Atvinnumál .....	(15.548)	(11.371)	(4.176)	37%
Sameiginlegur kostnaður .....	(75.120)	(73.125)	(1.995)	3%
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	(4.806)	(18.969)	14.163	-75%
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....	13.948	13.815	133	1%
<b>Aðalsjóður samtals .....</b>	<b>(21.091)</b>	<b>(71.663)</b>	<b>50.572</b>	<b>-71%</b>
Eignasjóður .....	(19.261)	(15.633)	(3.628)	23%
Þjónustumiðstöð .....	(12.355)	(15.843)	3.488	-22%
<b>A hluti samtals .....</b>	<b>(52.707)</b>	<b>(103.139)</b>	<b>50.432</b>	<b>-49%</b>
Hafnarsjóður .....	19.879	(823)	20.702	-2516%
Vatnsveita .....	10.155	9.091	1.064	12%
Félagslegar íbúðir .....	19.817	19.011	806	4%
Fráveita .....	9.600	9.508	92	1%
Félagsheimili .....	(6.115)	(6.644)	530	-8%
<b>B hluti samtals .....</b>	<b>53.336</b>	<b>30.142</b>	<b>23.194</b>	<b>77%</b>
<b>A og B hluti samtals .....</b>	<b>629</b>	<b>(72.997)</b>	<b>73.627</b>	<b>-101%</b>

# Ársreikningur sveitarfélagsins

## Tekjustofnar sveitarfélagsins

Útsvarstekjur sveitarfélagsins hækkuðu um kr. 40,5 millj. eða 13,4% milli árunna 2021 og 2022. Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2022 hafði verið gert ráð fyrir um kr. 29,1 millj. hækkun í útsvarstekjum milli ára.

Tekjur vegna fasteignaskatta hækka milli ára um kr. 1,2 millj. eða 3,4%. Heildarálagning fasteignaskatta hafði lækkað milli árunna 2020 og 2021 vegna eigna sem sveitarfélagið tók yfir frá FISK Seafood ehf. á árinu 2021. Fasteignaskattar vegna eigin fasteigna sveitarfélagsins eru dregnir frá bæði tekjum og gjöldum í ársreikningnum.

Framlög frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækka um kr. 25,3 millj. eða 17,9% milli árunna 2021 og 2022. Framlög frá jöfnunarsjóði eru kr. 14,3 millj. yfir áætlun ársins en hækkun er á öllum liðum nema öðrum framlögum sem dragast aðeins saman milli ára.

Aðrar tekjur A-hluta hækka um kr. 11,4 millj. milli ára og eru nokkuð yfir áætlun ársins.

Hér fyrir neðan má sjá hvernig tekjustofnar A-hlutans greinast samanborið við áætlun og fyrri ár.

### Tekjustofnar A-hluti (í þús. kr.)

	Áætlun með viðaukum					
	2022	2021	2020	2019	2018	
Útsvar .....	341.937	301.456	298.196	284.765	255.518	
Fasteignaskattur, lóðaleiga .....	35.182	34.020	35.869	34.056	30.833	
Framlag úr jöfnunarsjóði .....	166.633	141.349	141.484	185.222	168.164	
Aðrar tekjur .....	123.639	112.208	98.268	82.957	69.017	
	667.390	589.033	573.816	587.000	523.531	

### Framlög úr jöfnunarsjóði (í þús. kr.)

	Áætlun með viðaukum					
	2022	2021	2020	2019	2018	
Framlag vegna útgjaldajöfnunar .....	69.026	57.084	49.780	85.302	54.716	
Framlag vegna grunnskóla .....	64.063	57.491	62.237	64.555	74.104	
Framlag vegna fasteignaskatts .....	30.810	23.674	23.801	26.972	26.136	
Önnur framlög .....	2.734	3.100	5.665	7.257	13.208	
	166.633	141.349	141.484	184.087	168.164	



# Ársreikningur sveitarfélagsins

## Rekstur aðalsjóðs

Útgjöld til málaflokka í aðalsjóði, önnur en fjármagnsliðir og framlag vegna lífeyrirsskuldbindinga námu kr. 697,5 millj. á árinu 2022 samanborið við kr. 628,6 millj. á árinu 2021. Hækkunin er kr. 68,9 millj. eða 11,0%.


Útgjöld stærsta málaflokksins, fræðslu- og uppeldismála hækka nokkuð eða um kr. 31,4 millj. milli ára en kostnaður við rekstur leikskólans er sá liður sem er að hækka mest milli ára eða um kr. 22,6 millj. (nettó kr. 18,5 millj. þegar tekið hefur verið tillit til hækkunar á endurgreiðslum frá Skagabyggð). Útgjöld vegna Brunamála og almannavarna hækka um kr. 12,4 millj. sem skýrist að mestu af auknum launakostnaði.

### Útgjöld málaflokka (í þús. kr.)

	2022	2021	2020	2019	2018
<b>Aðalsjóður:</b>					
Félagsþjónusta .....	72.614	65.517	46.943	44.040	34.906
Fræðslu- og uppeldismál .....	357.493	326.075	303.469	278.086	277.947
Menningarmál .....	19.587	19.757	18.874	19.270	16.957
Æskulýðs- og íþróttamál .....	77.260	70.699	69.109	66.848	61.693
Brunamál og almannavarnir .....	21.454	9.104	7.999	6.743	5.843
Hreinlætismál .....	24.291	20.935	18.893	17.376	17.759
Skipulags- og byggingarmál .....	3.701	3.562	3.666	3.380	4.183
Umferðar- og samgöngumál .....	8.955	10.931	13.476	12.687	10.226
Umhverfismál .....	9.092	7.746	10.638	10.179	8.746
Atvinnumál .....	16.273	14.072	16.266	11.078	11.325
Sameiginlegur kostnaður .....	86.803	80.222	70.679	93.403	75.015
	<b>697.524</b>	<b>628.621</b>	<b>580.011</b>	<b>563.089</b>	<b>524.600</b>
Fjármagnsliðir .....	(13.948)	(7.227)	(10.510)	(10.320)	(23.652)
Breyting lífeyrirsskuldbindinga .....	4.806	46.883	26.569	15.548	9.573
<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>688.382</b>	<b>668.277</b>	<b>596.069</b>	<b>568.316</b>	<b>510.521</b>

# Ársreikningur sveitarfélagsins

Útgjöld málaflokka í aðalsjóði í hlutfalli af rekstrartekjum A-hluta



# Ársreikningur sveitarfélagsins

## Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2022	2021	2022	2021
<b>Fastafjármunir</b>				
Fasteignir og hafnarmannvirki .....	611.332	498.421	1.027.864	937.028
Veitukerfi .....	0	0	110.703	49.134
Gatnakerfi .....	156.156	144.985	156.156	144.985
Vélar, áhöld og tæki .....	50.569	58.423	52.182	60.276
Eignarhlutir í félögum .....	54.091	54.091	54.091	54.091
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	17.238	18.021	17.238	18.021
	<b>889.387</b>	<b>773.941</b>	<b>1.418.234</b>	<b>1.263.535</b>
<b>Veltufjármunir</b>				
Óinnheimtar tekjur .....	74.240	54.314	80.835	65.870
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	783	783	783	783
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....	249.055	239.013	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....	23.066	21.213	23.650	21.531
Handbært fé .....	233.728	391.623	234.863	391.796
	<b>580.872</b>	<b>706.946</b>	<b>340.130</b>	<b>479.980</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.470.259</b>	<b>1.480.887</b>	<b>1.758.364</b>	<b>1.743.515</b>
<b>Lykiltölur</b>				
Veltufjárhlutfall .....	2,63	3,59	3,56	5,72
Heildareignir pr. íbúa .....	3.063	3.079	3.663	3.625

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 155,5 millj. milli ára og nema samtals kr. 1.346,9 millj. í árslok 2022.

Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar og nam endurmatshækkun vegna þeirra kr. 21,7 millj.

Heildarfjárfesting samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu nam kr. 199,6 millj. en afskriftir námu kr. 46,5 millj.

Á árinu voru seldar tvær íbúðir hjá félagsíbúðum en söluverð varanlegra rekstrarfjármuna nam í heild kr. 36,3 millj. á árinu og söluhagnaður kr. 17,0 millj.

Helstu fjárfestingar ársins voru:

- Túnbraut 1-3, skrifstofur - endurbætur kr. 32,0 millj.
- Grunnskóli - endurbætur kr. 44,6 millj.
- Vallarbraut 4, slökkvistöð - endurbætur kr. 14,8 millj.
- Gatnaframkvæmdir og malbikun kr. 20,1 millj.
- Hafnarmannvirki kr. 13,3 millj. en á móti kom 2,3 millj. ríkisframlag
- Fráveitukerfi kr. 63,1 millj.

## Fyrirframgreiddur kostnaður

Færð er upp krafa undir fyrirframgreiddum kostnaði vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð sem að gjaldfærast á 20 – 30 árum.

## Aðrar skammtímakröfur

Meðal annarra skammtímakrafna er staða vegna kostnaðar við undirbúning framkvæmda við Sjóböð á Skagaströnd að fjárhæð kr. 10,0 millj. Óvissa er um það hvort sveitarfélagið geti endurheimt þennan kostnað og hefur því hluti af honum verið gjaldfærður í uppgjörinu.

## Handbært fé og veltufjárhlutfall

Handbært fé samstæðu A og B lækkar um kr. 156,9 millj. milli árana 2021 og 2022. Sveitarfélagið tók engin ný lán á árinu en nýtti rekstrarfé og laust fé í fjárfestingar. Veltufjárhlutfall samstæðunnar er áfram hátt en það lækkar þó nokkuð milli ára og er 3,6 í árslok 2022 samanborið við 5,7 í ársbyrjun.

# Ársreikningur sveitarfélagsins

## Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2022	2021	2022	2021
<b>Eigið fé</b>				
Eiginfjárreikningur .....	1.015.862	1.046.875	1.324.472	1.302.148
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>				
Lífeyrisskuldbinding .....	233.635	237.154	233.635	237.154
Skuldir í íslenskum krónum .....	0	0	104.753	120.312
	233.635	237.154	338.387	357.466
<b>Skammtímaskuldir</b>				
Viðskiptaskuldir .....	40.880	47.830	40.880	47.830
Næsta árs afborganir aflangtímask. ....	0	0	5.513	6.077
Skuldir við eigin fyrirtæki .....	137.524	125.426	0	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	42.358	23.603	49.112	29.995
	220.762	196.858	95.505	83.901
<b>Skuldir samtals</b>	<b>454.397</b>	<b>434.012</b>	<b>433.893</b>	<b>441.367</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>1.470.259</b>	<b>1.480.887</b>	<b>1.758.364</b>	<b>1.743.515</b>
<b>Lykiltölur</b>				
Eiginfjárlutfall .....	69%	71%	75%	75%
Skuldahlutfall skv. reglum um fjárh.viðm. .	4%	-23%	-1%	-20%
Eigið fé pr. íbúa .....	2.116	2.176	2.759	2.707
Skuldir og skuldbindingar pr. íbúa .....	947	902	904	918

## Eiginfjárreikningur

Staða eiginfjárreiknings sveitarfélagsins í A og B hluta hækkar um kr. 22,3 millj. milli ára. Jákvæð afkoma A og B hluta að fjárhæð kr. 629 þús. kemur til hækkunar á eigin fé en til viðbótar er færð beint á eiginfjárreikninginn færsla vegna endurmats á lóðum og lendum að fjárhæð kr. 21,7 millj. Eiginfjárlutfall samstæðunnar stendur í stað milli ára og er 75% í árslok.

## Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar A og B hluta lækka um kr. 3,5 millj. milli ára. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga námu kr. 7,5 millj. en gjaldfærð hækkan kr. 4,8 millj. Nánari umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar er á bls. 16 í skýrslunni.

## Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir lækka um kr. 16,1 millj. milli ára en þær voru kr. 110,3 millj. í árslok samanborið við kr. 126,4 millj. í ársbyrjun. Langtímaskuldir sveitarfélagsins eru allar vegna félagslegra íbúða en vaxtakjör þeirra hafa verið mjög hagstæð. Vextir lánanna eru á bilinu 1,0 – 2,4% verðtryggðir vextir en verðbólga var á móti mjög há á árinu 2022 sem að hefur áhrif á rekstur ársins. Tvö skuldabréf voru gerð upp á árinu vegna eigna sem voru seldar. Engin lántaka var gerð á árinu 2022 hjá samstæðunni.

## Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir A og B hluta námu kr. 49,1 millj. í árslok samanborið við kr. 30,0 millj. í ársbyrjun. Hækkun á stöðunni skýrist að hluta af því að í árslok voru ógreiddar kr. 8,0 millj. vegna launakröfu sem var gerð upp í ársbyrjun 2023 auk þess sem orlofsskuldbinding var hækkuð vegna kennara og nam sú hækkan um kr. 6 millj.

## Skuldahlutfall

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var -1% í árslok 2022 en heimilt er að draga veltufjármuni og fleiri liði frá skuldum við útreikning á hlutfallinu.

# Ársreikningur sveitarfélagsins

## **B-hluta fyrirtæki**

### **Hafnarsjóður**

Hagnaður ársins nam kr. 19,9 millj. samanborið við kr. 13,0 millj. í hagnað árið 2021.

Rekstrartekjur ársins voru kr. 68,4 millj. samanborið við kr. 55,7 millj. árið áður. Tekjur halda áfram að hækka eftir að hafa lækkað nokkuð milli árunna 2018 og 2019. Mest er aukningin í aflagjöldum sem voru kr. 43,8 millj. á árinu 2022 og hækka um kr. 10,3 millj. milli ára.

Rekstrargjöld Hafnarsjóðs hækka um kr. 5,8 millj. milli ára eða 13,6%. Hækkunin er mest í launakostnaði en laun og launatengd gjöld hækka um kr. 5,1 millj. milli ára.

Fjárfestingar Hafnarsjóðs á árinu voru kr. 13,3 millj. og á móti þeim komu framlög frá hafnarbótasjóði að fjárhæð kr. 2,3 millj.

Staða Hafnarsjóðs er áfram góð, eigið fé stóð í kr. 293,4 millj. í árslok og var eiginfjárlutfallið 98,6%, þ.e. aðeins óverulegar skuldir eru á Hafnarsjóði. Krafa Hafnarsjóðs á aðalsjóð hækkaði um kr. 22,8 millj. milli ára og stóð í kr. 120,3 millj. í árslok.

### **Vatnsveita og fráveita**

Hagnaður var á rekstri Vatnsveitunnar á árinu að fjárhæð kr. 10,2 millj. samanborið við kr. 9,4 millj. í hagnað árið 2021. Eiginfjárstaða Vatnsveitunnar í árslok var kr. 39,9 millj. og eiginfjárlutfallið 100,0%.

Hagnaður var á rekstri Fráveitunnar á árinu að fjárhæð kr. 9,6 millj. samanborið við kr. 9,2 millj. hagnað árið 2021. Fjárfestingar hjá Fráveitunni námu kr. 63,1 millj. á árinu 2022 og munu fjárfestingar í fráveitukerfunum halda áfram á árinu 2023 og næstu árum. Eiginfjárstaða Fráveitunnar í árslok var kr. 63,6 millj. og eiginfjárlutfallið 71,9%.

## **Félagslegar íbúðir**

Hagnaður var á rekstri Félagslegra íbúða á árinu að fjárhæð kr. 19,8 millj. samanborið við kr. 27,8 millj. hagnað árið 2021. Tekjur ársins námu kr. 38,9 millj. samanborið við kr. 47,3 millj. árið 2021. Söluhagnaður vegna seldra íbúða nam kr. 17,0 millj. á árinu 2022. Kostnaður við rekstur fasteignanna lækkar milli ára þar sem íbúðum hefur fækkað.

Tvær íbúðir voru seldar á árinu og voru 14 íbúðir í rekstri hjá Félagslegum íbúðum í árslok 2022. Bókfært verð þessara 14 íbúða var kr. 167,4 millj. í árslok 2022 eða um kr. 12,0 millj. að meðaltali á hverja íbúð. Fasteignamat íbúðanna var í árslok 2022 kr. 176,7 millj. sem var um kr. 9,3 millj. yfir bókfærðu verði þeirra.

Áhvílandi lán á íbúðunum námu samtals kr. 110,3 millj. í árslok 2022 sem er að meðaltali um kr. 7,9 millj. á hverja íbúð en lánin eru einu langtímaskuldir samstæðunnar við þriðja aðila í árslok 2022.

Eiginfjárstaða Félagslegra íbúða var í árslok 2022 orðin jákvæð og nam hún kr. 3,3 millj. og eiginfjárlutfallið var 1,9%.

## **Félagsheimilið Fellsborg**

Tap ársins nam kr. 6,1 millj. samanborið við kr. 6,1 millj. tap árið 2021. Tekjur voru kr. 3,3 millj. og hækkuðu þær aðeins milli ára. Rekstrargjöld félagsheimilisins fyrir afskriftir hækkuðu úr kr. 2,4 millj. í kr. 4,0 millj.

Eigið fé félagsheimilisins var í árslok 2022 neikvætt um kr. 91,5 millj. og er uppsöfnuð skuld við sveitar sjóð komin í kr. 171,9 millj. Við viljum leggja það til að félagsheimilið verði lagt niður sem B-hluta fyrirtæki, fasteignin færð inn í Eignasjóð og hún rekin þar með innri leigu frá Aðalsjóði.

# Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

## Mat viðskiptakrafna

Mat viðskiptakrafna sveitarfélagsins var yfirfarið með stjórnendum sveitarfélagsins.

Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok 2022 hjá A-hluta nam kr. 7,5 millj. sem var um 9,2% af útistandandi kröfum í árslok, samanborið við kr. 8,3 millj. og 13,2% í ársbyrjun. Niðurfærsla hjá A og B-hluta nam kr. 9,9 millj. sem var 10,9% af útistandandi kröfum samanborið við kr. 10,6 millj. í ársbyrjun og 13,9%.

Sértæk niðurfærsla er færð þar sem verulegur vafi þykir á innheimtu en auk þess er almenn niðurfærsla tekin á kröfum sem ekki voru niðurfærðar sértækt.

Niðurfærsla krafna lækkar nú aftur en hún hafði hækkað aðeins á milli árána 2020 og 2021. Almenn t hefur innheimta krafna gengið vel hjá sveitarfélaginu.

## Niðurstaða

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2022 sé í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Viðskiptakröfur - A hluti (í þús. kr.)	2022	2021
Viðskiptakröfur .....	81.766	62.604
Niðurfærsla krafna .....	(7.526)	(8.290)
Viðskiptakröfur nettó .....	74.240	54.314
Niðurfærsla í %	9,2%	13,2%
Viðskiptakröfur - A- og B hluti (í þús. kr.)	2022	2021
Viðskiptakröfur .....	90.761	76.460
Niðurfærsla krafna .....	(9.926)	(10.590)
Viðskiptakröfur nettó .....	80.835	65.870
Niðurfærsla í %	10,9%	13,9%

# Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

## Mat eignarhluta í félögum

Mat á eignarhlutum sveitarfélagsins í félögum var yfirfarið.

Bókfært verð eignarhluta í félögum hjá sveitarfélaginu var kr. 54,1 millj. í árslok. Engin breyting er á eignarhlutum sveitarfélagsins á árinu og ekki þótti ástæða til þess að hreyfa við niðurfærslu eignarhluta.

Skoðuð voru uppgjör ársins 2021 fyrir félögin og ef miðað er við hlutdeild sveitarfélagsins í eigin fé þeirra þá er þörf á niðurfærslu vegna Hólaness og Nes listamiðstöðvar sem að niðurfærsla eignarhluta í árslok dekkar að mestu leyti. Aðrir eignarhlutir eru færðir á lægra verði en hlutdeild í eigin fé segir til um.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á bókfærðu verði eignarhluta.

## Niðurstaða

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu hæfilega metnir í árslok 2022.

Eignarhluti í félögum skal færa á kostnaðarverði í aðalsjóði en eignarhlutir sem flokkast sem eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum skulu færðir upp miðað við hlutdeild í samstæðureikningi. Til skoðunar er fyrir uppgjör ársins 2023 hvernig dóttur- og hlutdeildarfélög og byggðasamlög verða tekin inn í reikningsskilin.

Eignarhlutir í félögum (í þús. kr.)	Bókfært verð	
	31.12 2022	31.12 2021
Ámundakinn ehf .....	10.250	10.250
Hólanes ehf .....	24.500	24.500
Nes Listamiðstöð ehf .....	9.000	9.000
Sjávarlíftækni- og BioPol ehf .....	7.000	7.000
Lánasjóður Sveitarfélaga ohf .....	25.957	25.957
Aðrir sjóðir .....	1.885	1.885
Niðurfærsla eignarhluta .....	(24.500)	(24.500)
	<u>54.091</u>	<u>54.091</u>

# Notkun reikningsskilaaðferða

## Lóðir og lendur

Samkvæmt álit frá reikningsskilanefnd sveitarfélaga skulu sveitarfélög meta lóðir og lendur sem þau hafa leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi eignasjóðs. Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Í árslok 2022 standa eignfærðar lóðir og lendur í kr. 207,1 millj. Mat á lóðum og lendum er byggt á uppreikningi lóðaleigutekna. Nokkur hækkun var á lóðaleigutekjum milli álagningar 2022 og 2023 og er færð matsbreyting á lóðir og lendur að fjárhæð kr. 21,7 millj. á árinu 2022 sem að endurspeglar þá hækkun. Endurmatsbreyting á lóðum og lendum kemur ekki í rekstur heldur er hún færð yfir eigið fé.

## Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingu starfsmanna Sveitarfélagsins Skagastrandar í B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, annarra en grunnskólakennara. Hlutur sveitarfélagsins er nú áætlaður 59,7% sem er aðeins hærra hlutfall en árið áður þegar það var 59,1% hlutdeild.

Hækkun lífeyrisskuldbindingarinnar á árinu 2022 nam kr. 4,8 millj. en á móti til lækkunar koma greiðslur ársins að fjárhæð kr. 7,5 millj. og er því nettó lækkun á skuldbindingunni milli ára. Vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 7,2% milli ára en skýringin á því að skuldbindingin lækkar milli ára felst í því að þeim aðilum sem eru á bakvið skuldbindinguna fækkaði milli ára.

Skuldbinding vegna uppgjörðs við Brú lífeyrissjóð var greidd upp á árinu 2018 og færð upp staða undir fyrirframgreiddum kostnaði sem að gjaldfærast á 20 – 30 árum í samræmi við álit reikningsskilanefndar sveitarfélaga.

## Byggðasamlög og annar samrekstur

Samkvæmt reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanagerð og ársreikninga sveitarfélaga, þá skal færa byggðasamlög og annan samrekstur sem er á ábyrgð sveitarfélaga inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð. Sveitarfélagið Skagaströnd er aðili að nokkrum byggðasamlögum/samrekstri og ber samkvæmt samþykktum þessara aðila hlutfallslega ábyrgð á skuldbindingum þeirra. Í skýringu nr. 13 er gerð grein fyrir stöðu þeirra byggðasamlaga/samreksturs sem sveitarfélagið er aðili að en reikningsskil þeirra hafa þó ekki verið tekin inn í samstæðureikning sveitarfélagsins. Öll framlög til byggðasamlaga/samreksturs hafa verið gjaldfærð í rekstri sveitarfélagsins og því ætti þetta frávik að okkar mati ekki að hafa veruleg áhrif á reikningsskilin.

## Mat á notkun reikningsskilaaðferða

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og annarra laga og reglna sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga. Engin veruleg frávik komu fram við þá yfirferð.

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og aðrar settar reikningsskilareglur.



# Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

## Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfið og lykilþætti í innra eftirliti. Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits er að okkar mati jákvætt.

## Aðgreining starfa

Aðgreining starfa er takmörkuð sökum fjölda starfsfólks á skrifstofu en stjórnendur sveitarfélagsins hafa að okkar mati verið vel meðvitaðir um þennan veikleika. Mikilvægt er þó að okkar mati að minnast á þetta í endurskoðunarskýrslunni og benda á að aðrar eftirlitsaðgerðir þurfa að koma til móts við þetta, m.a. aðhald sveitarstjóra með starfsmönnum í bókhaldi og eins aðhald sveitarstjórnar með rekstrinum.

Bókhald sveitarfélagsins er almennt í mjög góðu horfi.

Lykilþættir í eftirlitsumhverfi	Mat á eftirlitsumhverfi
<ul style="list-style-type: none"><li>Áhættumat</li><li>Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits og stjórnunarstill</li><li>Upplýsingar og samskipti</li><li>Stjórnendaeftirlit</li><li>Eftirlitsaðgerðir</li></ul>	Miðað við eðli og umfang starfseminnar þá teljum við að eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og áhættumat sé í eðlilegum farvegi.

## Aðfangafæri

Farið var yfir samþykktarferli á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Tekið var úrtak úr hreyfingum á gjaldalykla og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru til staðar og hvort skráning væri í lagi. Sveitarfélagið hefur tekið upp rafrænt samþykktarferli í fjárhagskerfinu en farið var yfir samþykkt reikninga samhliða úrtaksskoðun á kostnaði. Uppfæra þarf skema sveitarfélagsins sem sýnir heimildir til samþykktar reikninga til þess að betra samræmi sé milli verklags og framkvæmdar mv. þær heimildir sem starfsmönnum hafa verið veittar.

## Launaferli

Farið var yfir lykilþætti í launaferlinu samhliða úrtaksskoðun á launum. Launamál virðast almennt vera í góðum farvegi, gott skipulag er á launavinnslu og launagögnum.

# Önnur mikilvæg atriði

---

## **Samkvæmni við lög og reglur**

Við höfum yfirfarið helstu lög og reglur sem gilda um starfsemina og lagt mat á það hvort uppgjör sveitarfélagsins væri í samræmi við reglurnar.

Við höfum við endurskoðun okkar ekki komið auga á nein frávík eða brot á lögum og reglum sem gilda um uppgjör eða starfsemi sveitarfélagsins.

## **Staðfesting á óhæði**

Við staðfestum hér með óhæði okkar gagnvart sveitarfélaginu. Okkur er ekki kunnugt um nein tengsl á milli Enor eða starfsmanna Enor og sveitarfélagsins sem að okkar faglega mati gætu skert óhæði okkar sem endurskoðanda sveitarfélagsins.

## **Mismunir og skekkjur**

Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.